


Framkvæmd
umferðaröryggisáætlunar

Ársskýrsla 2023



Inniðaráðuneytið



Samgöngustofa



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

INNGANGUR	4
1. UMFERÐARÖRYGGISRÁÐ	4
2. SAMRÁÐSHÓPUR UMFERÐARÖRYGGISÁÆTLUNAR	4
3. FJÁRHAGSÁÆTLUN	5
4. AÐGERÐIR OG VERKEFNI Á ÁRINU 2023: VEGFARENDUR	6
4.1. SJÁLFVIRKT HRAÐAEFTIRLIT, MÆLISTAÐIR, EIGNAKAUP, VIÐHALD OG REKSTUR	6
4.2. ÚRVINNSLA GAGNA ÚR SJÁLFVIRKUM LÖGGÆSLUMYNDAVÉLUM	9
4.3. SÉRSTAKT EFTIRLIT LÖGREGLU MEÐ HRAÐAKSTRI	9
4.4. KYNNINGAR, FORVARNIR OG FRÆÐSLA FYRIR ALMENNING	9
<i>Þróun umferðarhraða</i>	11
<i>Ölvunar- og fíkniefnaakstur: Staðan í dag</i>	12
4.5. FRÆÐSLA TIL BARNNA OG UNGMENNA	14
<i>Fræðsla í leikskólum</i>	14
<i>Fræðsla í grunnskólum</i>	14
<i>Fræðsla í framhaldsskólum</i>	15
4.6. FRÆÐSLA TIL ERLENDRA ÖKUMANNA.....	16
4.7. SLYSASKRÁNING	17
4.8. STARFSMANNA- OG FRÆÐSLUKOSTNAÐUR	17
4.9. ÖNNUR VERKEFNI OG ÓFYRIRSÉÐ	18
<i>Minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa</i>	18
<i>Göngum í skólann</i>	18
<i>Vorfagnaður bifhjólafélks</i>	18
5. AÐGERÐIR OG VERKEFNI Á ÁRINU 2023: VEGAKERFI	19
5.1. EYÐING SVARTBLETTA, LAGFÆRINGAR Á UMHVERFI VEGA OG UPPSETNING VEGRIÐA	19
5.2. UNDIRGÖNG FYRIR BÚFÉ OG HVÍLDARSVÆÐI VIÐ ÞJÓÐVEGI	20
5.3. ÝMIS VERKEFNI OG ÓFYRIRSÉÐ	21
<i>Umsjón öryggisaðgerða á vegum</i>	21
<i>Umferðaröryggisúttekt á vegum</i>	21
6. AÐGERÐIR OG VERKEFNI Á ÁRINU 2023: STEFNUMÓTUN, RANNSÓKNIR OG LÖGGJÖF	22
6.1. KÖNNUN Á AKSTURSHEGÐUN	22
7. VERKEFNI ÁN SÉRSTAKRAR FJÁRVEITINGAR	27
7.1. ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF	27
VIÐAUKI I. LYKILSTÆRÐIR ÚR SLYSASKRÁ SAMGÖNGUSTOFU	29
VIÐAUKI II. UMFERÐARÖRYGGISAÐGERÐIR VEGAGERÐARINNAR	32
VIÐAUKI III. SJÁLFVIRKT UMFERÐAREFTIRLIT	47

Inngangur

Umferðaröryggisáætlun byggir á markmiði um öruggar samgöngur sem sett er fram í samgönguáætlun á grundvelli laga nr. 33/2008. Þar er mótuð stefna til fimmtán ára og á grundvelli hennar aðgerðaáætlun til fimm ára. Nákvæmar útfærð aðgerðaáætlun með kostnaðaráætlun er svo mótuð fyrir eitt ár í senn. Árið 2023 var í gildi stefnumótandi samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034 og verkefnaáætlun fyrir árin 2020-2024. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir framkvæmd og árangri aðgerða.

Í umferðaröryggisáætlun eru lagðar til aðgerðir og áherslur sem eiga að leiða til fækkunar slysa og lækkunar kostnaðar samfélagsins af umferðarslysum. Á þeim 18 árum sem liðin eru frá því að umferðaröryggisáætlun var fyrst lögð fram hefur umferðin breyst og aukist mikið samhliða auknum vegabótum, tækniþróun og fjölgunar vegfarenda. Margar áherslur og aðgerðir í öryggisátt eru því nýjar svo sem snjalltækjanotkun, akstur erlendra ferðamanna, akstur undir áhrifum vímuefna og rafknúin örflæðisfarartæki svo sem rafhlaupahjól. Aðgerðir á framkvæmdaáætlun skiptast í eftirtalda flokka: Vegfarendur, vegakerfi, ökutæki og stefnumótun, rannsóknir og löggjöf.

Markmið stjórnvalda um aukið umferðaröryggi til ársins 2034 eru tvö;

- Að Ísland verði í hópi fimm bestu Evrópuþjóða hvað varðar fjölda látinna í umferðinni á hverja 100.000 íbúa
- Að látnum og alvarlega slösuðum fækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2034.

1. Umferðaröryggisráð

Sérstakt umferðaröryggisráð, sem ætlað er að vinna að framgangi umferðaröryggisáætlunar tók til starfa árið 2005. Árið 2023 var Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í innviðaráðuneytinu formaður umferðaröryggisráðs fram til 1. maí en þá tók við af henni Hermann Sæmundsson, nýr ráðuneytisstjóri innviðaráðuneytis. Aðrir fulltrúar ráðsins voru Jón Gunnar Jónsson forstjóri Samgöngustofu, Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri Vegagerðarinnar og Sigríður Björk Guðjónsdóttir ríkislögreglustjóri.

2. Samráðshópur umferðaröryggisáætlunar

Samráðshópur um framkvæmd umferðaröryggisáætlunar var skipaður 2005. Hlutverk hans er að gera starfs- og framkvæmdaáætlun á grundvelli umferðaröryggisáætlunar, samkvæmt ályktun Alþingis. Árið 2023 var Ásta Þorleifsdóttir, sérfræðingur hjá innviðaráðuneytinu, formaður samráðshópsins. Aðrir fulltrúar hópsins voru Gunnar Geir Gunnarsson deildarstjóri öryggis- og fræðsludeildar Samgöngustofu, Guðbrandur Sigurðsson aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og Auður Þóra Árnadóttir forstöðumaður umferðardeildar hjá Vegagerðinni.

3. Fjárhagsáætlun

Í þessari fjárhagsáætlun er gerð grein fyrir ráðstöfun fjár til fræðslu og forvarna, sjálfvirka hraðaeftirlitins og smærri umferðaröryggisverkefna í vegakerfi. Í skýrslu um framkvæmd samgönguáætlunar er gerð grein fyrir stærri umferðaröryggisverkefnum svo sem aðskilnaði akstursstefna.

Tafla 1. Áætlun um tekjur og gjöld.

Tekjur 2023	millj. kr.	Gjöld 2023	millj. kr.
Frá vegaáætlun	500,0	Vegfarendur	117,7
Úr rekstri Ríkislögreglustjóra	0,0	Vegakerfið	455,0
Frá Samgöngustofu	75,0	Ökutæki	0
		Stefnumótun, rannsóknir og löggjöf	2,3
Til ráðstöfunar alls:	575,0	Samtals gjöld:	575,0

Tafla 2. Kostnaður við einstök verkefni

Heiti verkefnis		Áætlun millj. Kr	Rauntölur millj. kr
<i>Vegfarendur</i>			
4.1	Sjálfvirkt hraðaeftirlit, mælistaðir, eignakaup, viðhald og rekstur	30,0	36,3
4.2	Úrvinnsla gagna úr sjálfvirkum löggæslumyndavélum	15,0	15,0
4.3	Sérstakt eftirlit lögreglu með hraðakstri	0,0	0,0
4.4	Auglýsingar, kynningar og fræðsla fyrir almenning	41,5	51,0
4.5	Fræðsla til barna og ungmenna	6,5	9,1
4.6	Fræðsla til erlendra ökumanna	9,5	8,1
4.7	Slysaskráning	3,0	4,0
4.8	Starfsmanna- og fræðslukostnaður	10,0	10,0
4.9	Önnur verkefni og ófyrirséð	2,2	1,1
<i>Vegakerfi</i>			
5.1	Eyðing svartbletta, umhverfi vega og vegrið	430,0	459,8
5.2	Undirgöng fyrir búfé og hvíldarsvæði við þjóðvegi	10,0	10,0
5.3	Ýmis verkefni og ófyrirséð	15,0	12,4
<i>Stefnumótun, rannsóknir og löggjöf</i>			
6.1	Könnun á aksturshegðun	2,3	2,2
Kostnaður alls		575,0	619,0

4. Aðgerðir og verkefni á árinu 2023: Vegfarendur

Í þessum flokki eru verkefni sem miða að því að bæta og hvetja til æskilegrar hegðunar og viðhorfa hjá öikumönnum og öðrum vegfarendum. Um er að ræða eftirlit lögreglu, sjálfvirkt eftirlit sem og fræðslu- og forvarnaverkefni Samgöngustofu.

4.1. Sjálfvirkt hraðaeftirlit, mælistaðir, eignakaup, viðhald og rekstur

Mælistaðir fyrir sjálfvirkt punkthraðaeftirlit á þjóðvegum utan höfuðborgarsvæðisins voru 17. Árið 2023 voru tveir mælistaðir á Hringvegi austan Selfoss, þrír á Hringvegi í Hvalfjarðarsveit, tveir á Hringvegi um Akureyri, fjórir í Bolungarvíkurgöngum og sex í Héðinsfjarðargöngum. Staðirnir voru færri en áður en skýringin á því er sú að elsti hraðamælíbúnaðurinn úreltist á miðju ári 2022.

Unnið var að gerð tveggja nýrra mælistaða fyrir punkthraðaeftirlit á Þingvallavegi árið 2023 en auk þess hefur meðalhraðaeftirlit leyst punkthraðaeftirlit af hólmi í Hvalfjarðargöngum (2024) og sama mun gilda um Fáskrúðsfjarðargöng.



Árið 2023 var sjálfvirkt meðalhraðaeftirlit í báðar áttir á tveimur köflum, þ.e. á Grindavíkurvegi og í Norðfjarðargöngum. Vegna viðgerða vélbúnaðar og uppfærslu hugbúnaðar var eftirlitið á þessum stöðum þó aðeins virkt hluta úr ári auk þess sem jarðhræringar við Grindavík gerðu það að verkum að nauðsynlegt var að taka búnaðinn á Grindavíkurvegi upp áður en hraun rynni yfir hann.

Undirbúningi meðalhraðaeftirlits í Dýrafjarðargöngum og í Hvalfjarðargöngum var haldið áfram og var eftirlitið í Dýrafjarðargöngum gangsett þann 23. nóvember 2023 en í Hvalfjarðargöngum var meðalhraðaeftirlitsbúnaðurinn ekki tekinn í notkun fyrr en 22. febrúar 2024.


Vegagerðin sá eins og áður um almennan rekstur myndavélanna sem og viðhald mælistaðanna. Vegagerðin sér um að láta kvarða búnaðinn með reglulegu millibili, eftir því sem við á. Um leið og vélarnar eru kvarðaðar er viðhaldi þeirra sinnt.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rekur að auki hraðamyndavél í bíl en kostnaður við rekstur þeirrar vélar er þó ekki greiddur af fjármunum til umferðaröryggisáætlunar.

Árið 2023 voru 18 stafrænar hraðamyndavélar í notkun. Brotin eru skráð í málaskrá lögreglu hjá lögreglustjóranum á Snæfellsnesi samkvæmt ákvörðun ríkislögreglustjóra, fyrir utan vélarnar sem staðsettar eru á höfuðborgarsvæðinu, og eru þau brot skráð hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Skráð voru 36.862 brot árið 2023 sem er fjölgun í skráðum brotum frá árinu á undan. Fjöldinn er aðeins yfir meðaltalinu árin 2020-2022.


Fjöldi hraðakstursbrota með sjálfvirkum myndavélum



Mynd 1 Fjöldi hraðakstursbrota með stafrænum myndavélum ásamt fjölda myndavéla hvert ár.

Á mynd 2 sést dreifing brota á árunum 2021 til 2023 eftir mánuðum og sést að flest brot mældust í ágúst. Almennt var fjöldinn meiri yfir sumarmánuðina og fram á haustið heldur en aðra mánuði ársins.


Fjöldi hraðakstursbrota eftir mánuðum



Mynd 2. Fjöldi hraðakstursbrota á stafrænar hraðamyndavélar 2020-2022, greindur eftir mánuðum

Á mynd 3 sést fjöldi skráðra hraðakstursbrota, greindur eftir vettvangi. Fjöldi brota er breytilegur á milli ára og ræðst það að mestu leyti af virkni véla og umferðarþunga. Eins og fyrri ár voru flest brot skráð á vélarnar á höfuðborgarsvæðinu, eða 15.656. Næstflest brot voru skráð á vélarnar á Hörgárbraut eða 8.436 og hefur mældum brotum fjölgað stöðugt síðustu ár.

Fjöldi hraðakstursbrota eftir staðsetningu



Mynd 3. Fjöldi hraðakstursbrota sem stafrænar hraðamyndavélar skráðu árin 2021-2023, greindur eftir vettvangi

ÁÆTLUN	30.000.000,-
RAUN	36.308.780,-

4.2. Úrvinnsla gagna úr sjálfvirkum löggæslumyndavélum

Lögreglan fær fjármagn af viðhaldsfé Vegagerðarinnar til þess að sinna úrvinnslu gagna úr löggæslumyndavélum. Um er að ræða 15 milljónir króna en því til viðbótar leggur lögreglan á Vesturlandi til tæplega 34 milljónir króna. Alls kostar verkefnið því tæplega 49 milljónir og er ljóst að tryggja þarf með skilvirkum hætti fjármagn til reksturs þessa verkefnis.

ÁÆTLUN	15.000.000,-
RAUN	15.000.000,-
VIÐBÓTARFJÁRMAGN FRÁ LÖGREGLU	33.740.669,-
HEILDARKOSTNAÐUR VERKEFNIS	48.740.669,-

4.3. Sérstakt eftirlit lögreglu með hraðakstri

Samkvæmt arðsemismati aðgerða árið 2005 er hraðaeftirlit og ölvunareftirlit lögreglunnar ein arðbærasta aðgerð til aukins umferðaröryggis. Því var fjármunum af „umferðaröryggisgjaldi“ varið til þessa sérstaka eftirlits lögregluembættu á landsvísu til viðbótar við hefðbundið umferðaeftirlit lögreglu. Því fyrirkomulagi lauk á árinu 2015. Árið 2016 kom sérstök fjárveiting af rekstri ríkislögreglustjóra til þessa verkefnis. Árið 2017 var í fyrsta sinn engu fjármagni veitt til sérstaks hraðaeftirlits og hefur engu fjármagni verið veitt í málaflokkinn síðan þá. Árið 2023 var því sjöunda árið í röð sem engu fjármagni var veitt í sérstakt hraða- og ölvunareftirlit lögreglu.

ÁÆTLUN	0,-
RAUN	0,-

4.4. Kynningar, forvarnir og fræðsla fyrir almenning

Árið 2023 var lögð rík áhersla á rafhlaupahjól og voru framleiddar og birtar auglýsingar sem ætlað var að stemma stigu við rangri notkun rafhlaupahjóla, þ.á.m. notkun þeirra undir áhrifum áfengis, notkun hjóla sem komast hraðar en leyfilegt er, notkun hjóla með farþega og notkun farsíma á meðan hjólin eru notuð. Herferðin var birt mjög víða á netinu og samfélagsmiðlum sem og á umhverfismiðlum, þ.e. á skiltum og í strætóskýlum. Auglýsingarnar voru birtar í samstarfi við VÍS og náðist þannig betri dreifing en ella hefði verið hægt að ná. Mikil þjóðfélagsmæðla náðist um málefnið og má merkja mjög jákvæðar breytingar í kjölfar herferðarinnar, bæði hvað varðar slysatölfræði og hegðun og viðhorf.



Árið 2023 var auglýsingin „Smellum saman“ sem framleidd var árið 2021 birt víða, bæði í útvarpi, í sjónvarpi, á netinu og á skiltum víða um höfuðborgarsvæðið. Snérist sú herferð um að hvetja fólk til þess að spenna beltin.

Sem fyrr lagði Samgöngustofa mikið upp úr því að koma skilaboðum til almennings í gegnum samfélagsmiðla, þá sérstaklega Facebook. Var þá greitt fyrir ákveðnar færslur með gagnlegum skilaboðum til þess að dreifa þeirri færslu sem víðast.

Að vanda voru sýndar fræðslumyndir á RÚV á milli dagskrárlíða þar sem verið er að kenna á umferðina frekar en að reyna að breyta hegðun. Eins og árið áður voru myndirnar einnig sýndar á miðlum Sýnar.

Eldri auglýsing um ölvunarakstur var birt í tengslum við HM í knattspyrnu kvenna. Í henni fær þjálfari barna í knattspyrnu sér bjór við hliðarlínuna, sem er hegðun sem langflestum þykir ekki boðleg. Því næst er spurt – ef þetta er ekki boðleg hegðun, hvers vegna telja svona margir áfengi og akstur fara saman.



Samgöngustofa tók þátt í átaki Sniglanna, „Lítlu tvisvar“, þar sem ökumenn eru hvattir til þess að ganga úr skugga um að ekki sé bifhjól á veginum sem ekið er inn á.

Nýjar fræðslumyndir voru framleiddar á árinu. Lokið var við gerð nýrrar fræðslumyndar um notkun farsíma við akstur og sömuleiðis var framleidd mynd um viðbrögð á slysstað en sú mynd var frumsýnd í tengslum við minningardag um fórnarlömb umferðarslysa. Auk þessara mynda var nánast lokið við gerð tveggja annarra mynda; um akstur um vinnusvæði og um forgangsakstur, en þær myndir voru birtar í janúar 2024.




Samgöngustofa átti í góðu samstarfi við Bylgjulest Bylgjunnar sumarið 2023 þar sem lögð var áhersla á umferðaröryggi allt sumarið og voru valdir mismunandi áherslupunktur fyrir hverja helgi frá upphafi júní og fram yfir verslunarmannahelgi, alls tíu helgar.

Var þannig t.d. lögð áhersla á að tala gegn akstri undir áhrifum áfengis og fíkniefna um verslunarmannahelgina. Í aðdraganda hveggja helgar voru birtar útvarpsauglýsingar sem snéru að áherslu viðkomandi helgar og um helgina sjálfa talaði dagskrárgerðarfólk svo um viðkomandi málefni.

ÁÆTLUN	33.500.000,-
RAUN	37.777.347,-

Þróun umferðarhraða

Á mynd 4 eru upplýsingar um þróun umferðarhraða að sumarlagi á 10 stöðum á Hringveginum, á tímabilinu 2004-2023, skv. umferðargreinum Vegagerðarinnar en hraðinn hefur verið mældur á sambærilegan hátt frá árinu 2004.




Mynd 4. Meðaltal ökuhraða að sumarlagi á 10 stöðum á Hringvegi 2004 – 2023. Mælistað við Pétursey er sleppt árið 2012. Mælistað við Hellisheiði er sleppt árið 2015. Umferðargreinir í Eldhrauni skilaði ekki hraðagögnum fyrir júnímánuð 2019 en gögn fyrir júlí – september eru notuð fyrir þann stað það ár. Haustið 2020 var leyfilegur hámarkshraði á Hringvegi við Árvelli á Kjalarnesi lækkaður í 70 km/klst. vegna framkvæmda og því er hraðagögnum fyrir þann mælistað sleppt úr meðaltalsútreikningum frá og með árinu 2021. Hraðagögn frá Fagradal voru í fyrsta sinn tekin með í meðaltalsútreikningum árið 2021 en vegurinn um Fagradal hefur verið hluti af Hringvegi frá 11. nóvember 2017.

Meðalökuhraði á 10 stöðum á Hringvegi sumarið 2023 var 93,5 km/klst. og hafði hann hækkað um 0,2 km á klst. frá sumrinu áður. Meðaltal v_{85} hraða (v_{85} er sá hraði sem 15% ökumanna fara yfir) var 103,1 km/klst. og hafði hann hækkað um 0,4 km/klst. frá fyrra ári.

Þegar breytingar á meðalhraða að sumarlagi frá fyrra ári voru skoðaðar kom í ljós að meðalhraðinn hækkar á flestum stöðum, mest um um 0,9 km/klst. í Eldhrauni og 0,7 km/klst. við Pétursey en hækkingin var 0,5 km/klst. eða minni á sex stöðum. Meðalhraðinn lækkaði á tveimur stöðum, um 1,2 km/klst. á Hellisheiði og lítilsháttar í Hrútafirði. Ofangreindar hraðatölur gilda fyrir umferð í frjálssu flæði, en það þýðir að bil milli ökutækja og umferðarmagn, en með því móti er reiknað með að hver ökumaður velji sinn ökuhraða.

Á mynd 5 er sýnt hvernig það hlutfall ökumanna sem aka hraðar en 30 km/klst. yfir leyfilegum hámarkshraða breytist á völdum mælistöðum á tímabilinu 2021-2023. Sumarið 2023 var þetta hlutfall hæst á Hringvegi í Langadal, þar sem það var 2,76%. Næst hæst var hlutfallið í Öxnadal eða 2,30% og þriðja hæst var það í Hrútafirði þar sem það var 2,21%.

Hlutfall ökumanna sem aka hraðar en 30 km/klst yfir leyfilegum hámarkshraða



Mynd 5. Hlutfall ökumanna á Hringvegi sem aka hraðar en 30 km/klst. yfir leyfilegum hámarkshraða. Hæst er hlutfallið í Langadal, í Hrutáfirði og í Öxnadal.

Ölvunar- og fíkniefnaakstur: Staðan í dag

Árið 2023 lést einn einstaklingur af völdum ölvunaraksturs eða fíkniefnaaksturs og 13 manns slösuðust alvarlega. Á síðustu 5 árum hafa 20% látinna í umferðinni látist vegna ölvunar- eða fíkniefnaaksturs en tæplega 6% hafa slasast alvarlega af sömu orsökum. Tafla 3 sýnir afleiðingar ölvunar- og fíkniefnaaksturs síðustu ára.

Tafla 3. Afleiðingar ölvunar- og fíkniefnaaksturs

Ár	Látinir af völdum ölvunar- og fíkniefnaaksturs	Látinir alls	Hlutfall	Alvarlega slasaðir af völdum ölvunar- og fíkniefnaaksturs	Alvarlega slasaðir alls	Hlutfall
2019	0	6	0%	8	182	4%
2020	4	8	50%	14	149	9%
2021	1	9	11%	8	199	4%
2022	2	9	22%	11	195	6%
2023	1	8	13%	13	229	6%
Meðaltal	1,6	8,0	20%	10,8	190,8	6%

Frá árinu 2006 hefur lögreglan prófað hjá öikumönnum hvort ekið væri undir áhrifum ávana- og/eða fíkniefna. Prófið felur í sér að munnvatns- eða svitasýni er tekið af öikumanni og ef vísbendingar eru um slíkt er blóð tekið til frekari rannsóknar.

Tafla 4. Fjöldi einstaklinga sem teknir eru fyrir ölvunar- og fíkniefnaakstursbrot

Ár	Fjöldi einstaklinga teknir fyrir ölvunarakstursbrot	Fjöldi einstaklinga teknir fyrir fíkniefnaakstursbrot
2019	1.413	1.589
2020	976	1.242
2021	1.215	1.208
2022	1.471	1.217
2023	1.506	1.233
Samtals	6.581	6.489

Í töflu 4 má sjá fjölda einstaklinga sem teknir eru fyrir akstur undir áhrifum. Þeir einstaklingar sem teknir eru oftast en einu sinni innan ársins telja aðeins einu sinni í þeirri töflu. Samkvæmt henni er fjöldi þeirra sem teknir eru fyrir ölvunarakstur og fíkniefnaakstur mjög svipaður heilt yfir en árið 2023 voru ívið fleiri stöðvaðir fyrir ölvunarakstursbrot.

Tafla 5 sýnir hins vegar fjölda brota og þar telur einstaklingur sem tekinn er oftast en einu sinni jafnoft og hann er tekinn. Samkvæmt henni eru fíkniefnaakstursbrot töluvert fleiri en ölvunarakstursbrot síðustu ár sem segir okkur að þeir einstaklingar sem teknir eru fyrir fíkniefnaakstur eru stöðvaðir mun oftast að jafnaði en þeir sem teknir eru fyrir ölvunarakstur.

Tafla 5. Fjöldi ölvunar- og fíkniefnaakstursbrota

Ár	Fjöldi ölvunarakstursbrota	Fjöldi fíkniefnaakstursbrota
2019	1.661	2.660
2020	1.110	2.014
2021	1.370	1.897
2022	1.579	1.664
2023	1.616	1.687
Samtals	7.336	9.922

Á þessum tveimur töflum að ofan má sjá að síðustu fimm ár hafa þeir einstaklingar sem hafa verið stöðvaðir fyrir ölvunarakstur verið að jafnaði stöðvaðir 1,11 sinnum hver þeirra (7.336 / 6.581). Til samanburðar hafa þeir einstaklingar sem hafa verið stöðvaðir fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna verið að jafnaði stöðvaðir 1,53 sinnum hver.

4.5. Fræðsla til barna og ungmenna

Fræðsla í leikskólum

Samgöngustofa stendur fyrir umferðarfræðslu í leikskólum. Fer hún þannig fram að Samgöngustofa leggur til námsefni til að kenna, litabækur sem fylgja fræðslunni og viðurkenningarskjal sem leikskólar geta hengt upp og látið foreldra og aðra vita að umferðarfræðsla hafi farið fram í þeim leikskóla. Einnig sendir Samgöngustofa árlega áminningu og hvatningu til leikskólanna.



Frá árinu 2004 hefur Samgöngustofa, áður Umferðarstofa, sent öllum þriggja til sex ára börnum á Íslandi bækurnar um Krakkana í Kátugötu. Fá börnin sendar tvær bækur á ári, alls átta bækur, og fjalla þær um krakkana Matthildi og Dodda og brúðuna þeirra, innipúkann, sem er í þeirra augum mjög lifandi. Má því ætla að öll börn sem fædd eru á þessari öld þekki til innipúkans og vina hans. Árið 2023 lét Samgöngustofa framleiða innipúkabrúður og fengu leikskólar sem sinntu umferðarfræðslunni gefins eina til þrjár innipúkabrúður sem nýtast mjög vel í umferðarfræðslunni enda þekkjja börnin innipúkann og hlusta á það sem hann hefur að segja. Einnig stóð Samgöngustofa fyrir leik á samfélagsmiðlum þar sem foreldrar barna áttu tækifæri á að vinna sér inn innipúkabrúðu fyrir börnin sín að eiga.

Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardalnum er nú að finna Ökuskólann í Kátugötu. Þar geta börn ekið leikfangabílum og lært á umferðina innan um persónur úr bókunum um krakkana í Kátugötu. Á meðan börnin bíða eftir að komast að er þeim sýnd fræðslumynd þar sem farið er í grundvallaratriði umferðar, t.d. hvar á götunni á að aka, hvað þýða umferðarljós og helstu umferðarmerki. Samgöngustofa tók þátt í kostnaði við sýningu þessarar myndar, þ.e. leigu á skjánum sem sýndi myndina.

Fræðsla í grunnskólum

Í umferðaröryggisáætlun er sérstaklega leitast við að tryggja öryggi barna í umferðinni. Síðustu ár hefur Samgöngustofa unnið með menntayfirvöldum að því að koma umferðarfræðslu inn í aðalnámskrá samhliða því að vera þeim innan handar hvað varðar uppfærslur á námsefni. Árið 2023 hófst Samgöngustofa handa við að útbúa nýja útgáfu af vefnum www.umferd.is en á þeim vef má finna ýmiskonar námsefni sem kennarar geta nýtt sér við umferðarfræðslu. Greitt var fyrir megnið af gerð nýju síðunnar árið 2023 en hún var hins vegar opnuð árið 2024.





Ný gerð endurskinsmerkja voru framléidd og þeim dreift í samstarfi við 66°Norður í janúar 2024. Frekar verður því fjallað um merkin og herferðina sem þeim fylgdu í uppgjöri ársins 2024.



Í desember var birt jóladagatal sem samanstóð af 4 vikulegum myndböndum. Voru myndböndin birt á facebook, instagram og tik-tok en í þeim var farið yfir umferðaröryggismál, eitt mál í hverju myndbandi. Fjölluðu þau um ökunámið, farsímanotkun undir stýri, svefn og þreytu og rafhlaupahjól. Þau sem líkaði við myndböndin og deildu þeim átta möguleika á að vinna til verðlauna. Í aðalvinning var JBL Partybox 310 ferðahátalari.



Í töflu 6 má sjá tölur yfir slösuð og látin börn síðustu fimm ár.

Tafla 6. Slösuð 0-14 ára börn 2019-2023

	Látin	Alvarlega slösuð	Lítið slösuð	Samtals
2019	0	24	94	118
2020	0	28	91	119
2021	1	22	87	110
2022	0	21	99	120
2023	1	20	97	118
Meðaltal	0,4	23	94	117

Fræðsla í framhaldsskólum

Samgöngustofa tekur reglulega þátt í forvarnadögum í framhaldsskólum. Er aðkoma Samgöngustofu þá fræðsla á deginum sjálfum og stundum þátttaka í undirbúningi. Árið 2023 tók Samgöngustofa þátt í forvarnadögum í Framhaldsskóla Suðurnesja í Reykjanesbæ. Einnig tók Samgöngustofa þátt í kostnaði við undirbúning forvarnadags í Framhaldsskóla Vesturlands á Akranesi sem haldinn var vorið 2024.

Auk þátttöku í forvarnadögum þá býður Samgöngustofa framhaldsskólum upp á heimsóknir þar sem starfsmaður Samgöngustofu flytur erindi er lýtur að umferðarfræðslu. Árið 2023 voru 50 framhaldsskólabekkir eða -hópar heimsóttir.

ÁÆTLUN	6.500.000,-
RAUN	9.087.146,-

4.6. Fræðsla til erlendra ökumanna

Samgöngustofa tekur þátt í Safetravel verkefni Landsbjargar. Vísar slóðin drive.is nú á slóðina www.safetravel.is/driving en á þeirri síðu geta erlendir ferðamenn nálgast upplýsingar um öryggi á íslenskum vegum. Leitast er við að ná til þeirra sem eru að kynna sér landið, ferðaskrifstofur, bílaleigur o.þ.h. sem gefur til kynna að viðkomandi sé á leiðinni til Íslands.



Í samstarfi við Vegagerðina, SAF, bílaleigur landsins, Sjóvá og Landsbjörg hefur Samgöngustofa prentað og dreift stýrisspjöldum síðustu ár en það er einskönar bæklingur sem er hengdur á stýri bílaleigubíla og kemst því leigutakinn ekki hjá því að sjá það. Á spjaldinu eru upplýsingar fyrir erlenda ferðamenn um séríslenskar aðstæður, s.s. sérstök umferðarmerki sem ekki þekkjast annars staðar og almennar varúðarreglur. Voru stýrisspjöldin uppfærð og endurprentuð í ár.

Samgöngustofa lét gera teiknaða fræðslumynd fyrir erlenda ferðamenn fyrir nokkrum árum. Í henni kennir álfurinn Elfis erlendum ferðamönnum á íslenska umferð og segir þeim hvað er hugsanlega framandi við íslenska vegakerfið og íslenskar aðstæður. Var áhersla lögð á að dreifa myndinni um samfélagsmiðla til þeirra sem eru nýkomnir til landsins eða á leiðinni.



Haldið var áfram með verkefnið „Nap And Go“ með Visit Reykjanes, Safetravel og Samtökum ferðapjónustunnar. Markmið þess er að hvetja farþega sem koma með næturflugi, sérstaklega ferðamenn frá Norður-Ameríku, til þess að hvíla sig áður en lagt er af stað í langferð. Ferðamanninum er boðið að leigja hótélherbergi til hvíldar frá 06-12 f.h. í nálægð við flugvöllinn

NAP AND GO

áður en hann heldur út í daginn undir stýri. Verkefnið hófst formlega árið 2022 en árið 2023 var því haldið áfram með auglýsingaherferð á netinu og var auglýsingunum beint til erlendra ferðamanna sem hyggja á ferð til Íslands.

Áhugavert er að skoða þróun slysa á erlendum ríkisborgurum búsettum hér borið saman við slysa ferðamanna sem heimsækja landið að teknu tilliti til fjölda. Samgöngustofa gerir greinarmun á erlendum ferðamönnum og erlendum ríkisborgurum sem búsettir eru hérlendis þ.e. með íslenska kennitölu.

Tafla 7. Slys á erlendum ferðamönnum og erlendum ríkisborgurum búsettum hérlendis

	Slasaðir og látnir erlendir ferðamenn	Fjöldi erlendra ferðamanna um KEF (þús)	Slasaðir og látnir á hverja 100.000 ferðamenn	Slasaðir og látnir erlendir ríkisborgarar búsettir hérlendis	Fjöldi erlendra ríkisborgara búsettra hérlendis (þús, 1. jan)	Slasaðir og látnir á hverja 1000 erlendra ríkisborgara búsetta hérlendis
2019	193	2.013	9,6	125	40,8	3,1
2020	45	479	9,4	128	43,6	2,9
2021	94	688	13,7	130	44,8	2,9
2022	75	1.697	4,4	175	47,8	3,7
2023	198	2.214	8,9	208	56,7	3,7
Meðaltal	121	1.418	8,5	153	47,6	2,8

ÁÆTLUN	9.500.000,-
RAUN	8.097.203,-

4.7. Slysaskráning

Útlagður kostnaður vegna slysaskráningar er vegna slysgagna frá Aðstoð og Öryggi, hýsingar og reksturs slysakortsins og uppfærslu á fjölda látinna á skilti í Svínahrauni. Þessi kostnaður er færður á umferðaröryggisáætlun. Eftir stendur þó launakostnaður, kerfisrekstur og annað sem greitt er fyrir með öðrum hætti.



ÁÆTLUN	3.000.000,-
RAUN	3.958.618,-

4.8. Starfsmanna- og fræðslukostnaður

Til þess að hægt sé að vinna verkefni á umferðaröryggisáætlun á faglegan hátt og innan tímaramma þarf að greiða fyrir sameiginlegan kostnað sem dreifist á öll verkefni. Þessi kostnaður er tekinn saman í þennan lið. Í fyrsta lagi er um að ræða kostnað vegna vinnu sérfræðinga sem vinna að verkefnum á umferðaröryggisáætlun og að auki er hér um að ræða kostnað við fundi og ráðstefnur.

ÁÆTLUN	10.000.000,-
RAUN	10.000.000,-

4.9. Önnur verkefni og ófyrirséð

Minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa

Alþjóðlegur minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa er haldinn hátíðlegur þriðja sunnudag í nóvember. Árlega er haldin athöfn við Landsspítalann í Fossvogi en vegna heimsfaraldurs covid-19 féll athöfnin niður árin 2020 og 2021.



Var auglýsingin Angels m.a. notuð í kynningum og umræðu um minningardaginn en undir henni hljómar lagið „When I think of Angels“ eftir KK sem nú er orðið einkennislag minningardagsins. Að þessu sinni var lögð sérstök áhersla á gerendur umferðarslysa og þá sorg og það áfall sem fylgir því að valda slysi og verða öðrum að bana.

Göngum í skólann



Samgöngustofa tók þátt í átaki ÍSÍ, Göngum í skólann, þar sem börn eru hvött til að koma gangandi eða hjólandi í skólann og draga þannig úr þeirri umferðarhættu og mengun sem fylgir því að of margir foreldrar aki börnunum sínum í skólann.

Vorfagnaður bifhjólafélks

Samgöngustofa stendur að árlegum vorfundi bifhjólafélks í samstarfi við Sniglana og Ökukennarafélag Íslands. Er á þeim fundi farið yfir slysaþróun, farið yfir ýmis öryggisatriði sem vert er að hafa í huga að vori og fá þátttakendur verklega upprifjun og aka um kennslubraut undir leiðsögn ökukennara.



ÁÆTLUN	2.200.000,-
RAUN	1.091.909,-

5. Aðgerðir og verkefni á árinu 2023: Vegakerfi

5.1. Eyðing svartbletta, lagfæringar á umhverfi vega og uppsetning vegriða

Á árinu 2023 var unnið að lagfæringum á um 100 stöðum skv. samþykktum verkefnalistum, en sum þeirra verkefna voru þó ekki á upphaflegum samþykktarlista og af framkvæmdum sumra þeirra gat ekki orðið af ýmsum ástæðum. Verkefnin hafa verið flokkuð niður eftir eðli aðgerðar, en sum þeirra renna nokkuð saman því að margt kann að vera gert í einni framkvæmd. T.d. kann í einni framkvæmd að vera ekið með efni í vegfláana ásamt uppsetningu vegriða og merkingar bættar að auki, og í annarri framkvæmd sett hjárein á vegamót en þau einnig lýst eða umhverfið lagað.

Á tæplega 30 stöðum var unnið að lagfæringum á öryggissvæði vegar, m.a. með því að lengja ræsi, lagfæra vegfláa (gera þá meira aflíðandi) og fylla í skurði. Sem dæmi má nefna lagfæringar á öryggissvæði á Þingvallavegi nálægt Þjóðgarðinum á Þingvöllum, á Sandgerðisvegi, Garðskagavegi, á Hringveginum sitt hvorum megin við Borgarnes, Borgarfjarðarbraut (næst Borgarnesi), Stykkishólmsvegi, Hringveginum í Hrútafirði og um Sævarendaströnd.



Vegrið voru sett upp eða lengd á um 30 stöðum. Sem dæmi má nefna uppsetningu vegriða við Flúðir, á Krýsuvíkurveg, á Stórhöfðaveg í Vestmannaeyjum, við nokkur stór ræsi á Vestfjarðavegi milli Búðardals og Bjarkarlundar og eitt í Djúpinu. Vegrið voru einnig sett upp í Súgandafirði, Öndarfirði, á Bíldudalsveg, á Snæfellsnesveg nálægt Grundarfirði, á Hringveg í Hrútafirði og á Öxnadalshéiði sem og á mörgum stöðum á Ólafsfjarðarvegi.




Unnið var að lagfæringum á sjö vegamótum; settar voru þrjár hjáreinar á Biskupstungnabraut og gerðir tveir kílar við efnisnámur við Þrengslaveg. Vegamótin að Laugarbakka voru betrubætt og vegamót Hringvegjar við Hróarstunguveg norðan Egilsstaða (aðkoma að Vök) merkt betur.

Merkingar voru bættar á 11 stöðum og þar má helst nefna fjölda beygjuörva sem settar voru við krappar beygjur á Djúpvegi.

Öryggi gangandi var aukið á 11 stöðum, t.d. um Geysi, á nokkrum stöðum á Selfossi, á Stokkseyri, í Búðardal, á Skagaströnd, Akureyri, Seyðisfirði, Stöðvarfirði og á Djúpvaggi.

Hlutfallsleg skipting fjármuna í mismunandi framkvæmdir er sýnd á mynd 6.



Mynd 6. Öryggisaðgerðir á vegum 2023. Hlutfallsleg skipting kostnaðar.

Á vegum þjónustustöðva Vegagerðarinnar á landsbyggðinni var jafnframt unnið að ýmsum lagfæringum á umhverfi vega og að öðrum öryggisaðgerðum. Hver þjónustustöð fær 1-2 m.kr. sem þær nota skv. eigin ákvörðun en sem skal þá uppfylla skilyrði öryggisaðgerða. Auk ofantalinna verkefna er þar stundum um að ræða, og oft samhliða öðrum framkvæmdum, að fjarlægja stórgryti úr vegfláum eða klapparnibbur og viðlíka, auka merkingar og að fjarlægja gróður sem skyggir á. Nánari upplýsingar um verkefni þjónustustöðva undir þessum lið árið 2023 má sjá í viðauka II.

Þær umferðaröryggisaðgerðir sem gerð er grein fyrir í þessari skýrslu eru fjármagnaðar með viðhaldsfé. Unnið var að fleiri verkefnum í þágu umferðaröryggis sem fjármögnuð voru af öðrum liðum og tengjast því umferðaröryggisáætlun ekki beint.

ÁÆTLUN	430.000.000,-
RAUN	459.839.971,-

5.2. Undirgöng fyrir búfé og hvíldarsvæði við þjóðvegi

Keypt var annars vegar efni í lengingu á ræsi fyrir hesta og gangandi á Hellu (og sett niður en sveitarfélagið greiddi fyrir það) og unnið var við að setja niður ræsi fyrir stórgripi undir Laugarvatnsveg á mótis við Efsta-Dal (efnið var keypt árið áður).

ÁÆTLUN	10.000.000,-
RAUN	9.997.487,-



5.3. Ýmis verkefni og ófyrirséð

Umsjón öryggisaðgerða á vegum

Vinna við umsjón öryggisaðgerða á vegum er greidd af fjárveitingum til umferðaröryggisáætlunar. Hér undir fellur m.a. kostnaður við greiningu slysastaða.

Umferðaröryggisúttekt á vegum

Umferðaröryggisúttekt er einn þáttur umferðaröryggisstjórnunar og felst í því að reglulega fer fram skoðun á vegakerfinu þar sem sjónum er beint að ýmsum öryggisþáttum á eða við veg. Markmiðið með umferðaröryggisúttekt er að finna þá staði þar sem hættu er á að slys geti orðið og gera áætlun um lagfæringar í kjölfarið. Markmið lagfæringanna er að koma í veg fyrir slys eða draga úr afleiðingum slysa sem kunna að verða.



Árið 2023 voru ekki gerðar umferðaröryggisúttektir, en nokkrir staðir voru samt skoðaðir með svipaðri aðferðafræði af einum starfsmanni, og lagfæringar þar munu að hluta til fara fram árið 2024 og verða kostaðar af umferðaröryggisaðgerðum. Uppfærð tilskipun um öryggisstjórnun vegamannvirkja (2019/1936/EB) var innleidd hér á landi með reglugerð 624/2022. Þar er meðal annars kveðið á um heildstætt mat á öryggi vegakerfisins (e. Network wide road safety assessment) og flokkun vegarkafila eftir öryggi þeirra. Undirbúningur þessarar vinnu er í gangi og var kostnaður sem féll til vegna verkefnisins árið 2023 greiddur af þessum lið.



ÁÆTLUN	15.000.000,-
RAUN	12.441.900,-

6. Aðgerðir og verkefni á árinu 2023: Stefnumótun, rannsóknir og löggjöf

6.1. Könnun á aksturshegðun

Í október 2023 gerði Gallup könnun á aksturshegðun og viðhorfi til umferðar meðal almennings fyrir Samgöngustofu. Sambærileg könnun hefur verið framkvæmd frá árinu 2005 og gefur hún mjög góða mynd af núverandi ástandi ásamt þróun á hegðun og viðhorfi fólks til umferðar. Svarendur voru 1079 af 1873 manna úrtaki (58%), 18 ára og eldri, af báðum kynjum, af öllu landinu. Nánar má lesa um niðurstöður könnunarinnar á vef Samgöngustofu.

Um 30-45% Íslendinga halda sig innan hámarkshraða og um 7-10% Íslendinga aka hraðar en 10 km/klst. yfir hámarkshraða. Þróunin virðist vera sú að ökuhraði er að hækka á milli ára eftir að hafa lækkað árið áður. Meðalhraðinn er 4-5 km/klst yfir hámarkshraða og hefur lítið breyst síðustu ár ef frá eru taldar eðlilegar sveiflur.





Mynd 8. Þróun ökuhraða við hámarkshraða 30, 60 og 90 km/klst. 2019-2023

Um 80% ökumanna telja hegðun annarra vegfarenda valda sér truflun eða álagi við akstur. Er þá helst talað um skort á notkun stefnuljósa, farsímanotkun ökumanna og of hægán akstur. Einnig virðist akstur á vinstri akrein trufla fólk meira nú en síðustu ár. Truflun vegna farsímanotkunar ökumanna jókst mikið fram til ársins 2016 en hefur dregist að einhverju leyti saman síðan þá. Hjólreiðamenn og fótgangandi verða einnig fyrir truflun í umferðinni. Þar er mest áberandi hegðun fólks á rafmagnsvespum og rafhlaupahjólum, að ökumenn stöðva ekki við gangbraut, skortur á notkun stefnuljósa og of hraður akstur. Farsímanotkun ökumanna virðist trufla minna en áður en hegðun vegfarenda á rafknúnum hjólum truflar fótgangandi mun meira en hún hefur gert síðustu ár og virðist nú vera eitt stærsta vandamálið hvað gangandi og hjólandi vegfarendur varðar.


Farsímanotkun ökumanna er áberandi í umferðinni. Síðustu ár virðast þó færri tala í símann án handfrjálsum búnaðar undir stýri en að sama skapi fjölgar þeim sem tala í símann með handfrjálsum búnaði. Helsta skýringin á því er sú að flestir nútímabílar tengjast símanum með bluetooth og gerir ökumanni kleift að tala í símann án þess að handleika símtækið.

Þegar kemur að farsímanotkun er mikill munur á því hvað fólk telur hættulegt og hvað fólk gerir. Um 97% aðspurðra telja hættulegt að skrifa skilaboð á meðan á akstri stendur, þar af telja 54% það stórhættulegt. Þrátt fyrir þetta segjast um 32% aðspurðra eiga það til að skrifa skilaboð undir stýri. Að sama skapi telja um 95% það hættulegt að lesa skilaboð undir stýri á meðan 40% játa þó að eiga það til að gera það. Áhyggjum veldur að færri en áður telja farsímanotkun undir stýri stórhættulega en í staðinn telja fleiri hana frekar hættulega. Er það vísbending um að fleiri telja hegðunina ásættanlega.




Mynd 9. Farsímanotkun undir stýri og mat á hættunni sem henni fylgir

Beltanotkun versnar milli ára að flestu leyti en til lengri tíma litið virðumst við vera á réttri leið þegar kemur að því að auka beltanotkun. Efri myndin að neðan sýnir beltanotkun 2023 á neðri myndinni má sjá hversu margir eiga það til að sleppa því að nota beltið síðustu ár.




Ökumenn og farþegar sem eiga það til að sleppa beltinu



Mynd 10. Beltanotkun Íslendinga

Um 21% ökumanna eiga það til (oft, stundum eða sjaldan) að aka eftir að hafa fengið sér einn áfengan drykk. Er það svipuð niðurstaða og ef frá eru talin árin 2019-2020 þá er þetta besta niðurstaða sem við höfum séð síðan árið 2007. Til samanburðar var þetta hlutfall 24% til 29% á árunum 2013 til 2018 og var um þriðjungur þegar verst var árið 2012.




Sumarhólreiðar og vetrarhólreiðar virðast dragast saman á milli ára ef marka má þessa könnun. Árið 2023 sögðust 3,5% hjóla daglega yfir sumartímann en um 53% sögðust aldrei nota hjól yfir sumartímann sem er hækkun frá 2022. Um 78% segjast aldrei hjóla yfir vetrartímann og er það hlutfall hærra en það var næstu þrjú ár á undan. Hugsanlega veldur aukin notkun rafhlaupahjóla samdrætti í hólreiðum.

Hjálmanotkun á reiðhjóli hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár. Árið 2023 segjast 70% alltaf nota hjálm sem er sama hlutfall og árið áður en hins vegar segjast ívið færri aldrei nota hjálm. Til samanburðar má benda á að árið 2015 var þetta hlutfall rétt rúmlega helmingur. Aðeins voru þau spurð sem sögðust einhvern tíma hjóla.

Mynd 11. Hjálmanotkun hjólréiðafólks

Þegar spurt er um upplifun fólks í umferðinni er ljóst að sumar aðstæður valda fólki óöryggi umfram aðrar. Sérstaklega er áberandi hversu óöruggt fólk upplifir sig hjólandi á akbraut og að einhverju leyti gangandi yfir gangbraut.


Hversu örugga(n) upplifirðu þig í umferðinni...



Mynd 12. Upplifun á öryggi í umferðinni

Spurt er um hversu ásættanleg ákveðin hegðun þykir í umferðinni og er sú spurning um margt gagnleg. Er hún prýðilegur mælikvarði á umferðarmenninguna í landinu og gagnast þannig í baráttunni fyrir bættri hegðun og betri umferðarmenningu.

Hversu ásættanlegt finnst þér að ökumaður bifreiðar...



Mynd 13. Umburðarlyndi gagnvart hegðun í umferðinni

Nánar má lesa um niðurstöður könnunarinnar á vef Samgöngustofu.

ÁÆTLUN	2.300.000,-
RAUN	2.156.603,-

7. Verkefni án sérstakrar fjárveitingar

7.1. Alþjóðlegt samstarf

Samgöngustofa, Vegagerðin og embætti ríkislögreglustjóra eiga hver um sig í umfangsmiklu samstarfi við sínar systurstofnanir og þá sérstaklega á Norðurlöndum.

Vegagerðin og Samgöngustofa taka virkan þátt í þeirri nefnd NVF sem fjallar um umferðaröryggi en NVF er norrænn samstarfsveitvangur á sviði vegamála. Haldinn var fræðslufundur á netinu þar sem skipst var á upplýsingum og nýjungum. Jafnframt sóttu fimm fulltrúar Vegagerðarinnar og einn fulltrúi Samgöngustofu ársfund nefndarinnar sem haldinn var í Lundi í október 2023. Í tengslum við ársfundinn var haldin ráðstefna um umferðaröryggismál. Erindi sem haldin voru á ráðstefnunni má nálgast á slóðinni:

<https://nvfnorden.org/working-groups/road-traffic-safety/trafiksikkerhedsforum2023/>

Á vettvangi NVF hefur Samgöngustofa safnað saman umferðarslysátölfræði frá öllum Norðurlöndum og er sú tölfræði birt í netskýrslu sem finna má á vef NVF og einnig hér:


<https://infogram.com/accidentstatisticnordiccountries-1h8n6m3jr3wmz4x?live>

Vegagerðin tekur einnig virkan þátt í starfi vinnuhóps um umferðaröryggi sem starfar á vegum CEDR, en CEDR eru samtök evrópskra vegagerðarstofnana. Helst er þar þessi misserin fjallað um tilskipun Evrópusambandsins, nr. 2019/1936/EB um öryggisstjórnun vegamannvirkja en jafnframt er fylgst með því sem efst er á baugi í umferðaröryggismálum í löndunum. Árið 2023 voru haldnir þrjú veffundir í hópnum og tveir staðfundir en auk þess allmargar vefráðstefnur um málefni er tengjast umferðaröryggi, svo sem aðferðafræði við heildstætt mat á umferðaröryggi, hættu á að kvikni í ökutækjum og veglýsingu. Fulltrúi Vegagerðarinnar í vinnuhópnum tók þátt í öllum veffundunum, báðum staðfundunum og tók jafnframt, ásamt fleirum, þátt í flestum af vefráðstefnunum. Í tengslum við staðfund sem haldinn var í Malmö í Svíþjóð í maí 2023 var haldin ráðstefna um umferðaröryggi óvarinna vegfarenda á þjóðvegum í dreifbýli.

Samgöngustofa á fulltrúa í NTR sem er samnorrænt ráð sem fjallar um umferðaröryggi, þá aðallega með tilliti til tölfræði, fræðslu og herferða. Á þeim vettvangi eru verkefni og aðferðir bornar saman og reyna meðlimir ráðsins að læra hver af öðrum. Sumar herferðir hafa verið teknar upp í heilu lagi frá einu landi til annars en aðrar hafa verið lagaðar að nýju landi eða einfaldlega nýttar sem innblástur í nýjar herferðir eða fræðsluverkefni. Árið 2023 var haldinn fundur í mars í Rovaniemi í Finnlandi.

Árið 2023 átti Samgöngustofa fulltrúa í sérfræðingahóp á vegum Evrópusambandsins sem kennir sig við CARE. CARE er samevrópskur umferðarslysagagnagrunnur og kom hópurinn upphaflega saman til þess að þróa þann gagnagrunn í sameiningu. Formlegri þróun á gagnagrunninum er nú lokið en að sjálfsögðu munu gögn verða send í grunninn áfram. Á myndinni á næstu síðu má sjá tölfræði fengna úr CARE gagnagrunninum. Er um að ræða fjölda látinna á hverja 100.000 íbúa að meðaltali síðustu fimm ár. Er Ísland í 3. sæti yfir þau lönd þar sem best gengur.

Látirnir í umferðinni í Evrópu á hverja 100.000 íbúa 2019-2023



Viðauki I. Lykilstærðir úr slysaskrá Samgöngustofu

2023



Tafla 1. Látnir og alvarlega slasaðir 1991-2023

Ár	Látnir	Alvarlega slasaðir	Látnir og alvarlega slasaðir
1991	27	230	257
1992	21	228	249
1993	17	246	263
1994	12	242	254
1995	24	239	263
1996	10	229	239
1997	15	203	218
1998	27	229	256
1999	21	222	243
2000	32	169	201
2001	24	158	182
2002	29	164	193
2003	23	145	168
2004	23	115	138
2005	19	129	148
2006	31	153	184
2007	15	195	210
2008	12	200	212
2009	17	170	187
2010	8	204	212
2011	12	154	166
2012	9	136	145
2013	15	177	192
2014	4	177	181
2015	16	178	194
2016	18	215	233
2017	16	189	205
2018	18	183	201
2019	6	182	188
2020	8	149	157
2021	9	199	208
2022	9	195	204
2023	8	229	237

Tafla 2. Fjöldi og hlutfall látinna eftir kyni

2023	Fjöldi látinna	Hlutfall
Karl	6	75%
Kona	2	25%

Tafla 3. Fjöldi og hlutfall látinna eftir aldri

2023	Fjöldi látinna	Hlutfall
0-16 ára	1	12,5%
17-26 ára	1	12,5%
27-36 ára	1	12,5%
37-46 ára	2	25%
47-56 ára	1	12,5%
57-66 ára	1	12,5%
67 ára og eldri	1	12,5%

Tafla 4. Fjöldi og hlutfall látinna eftir ársfjórðungi

2023	Fjöldi látinna	Hlutfall
janúar-mars	0	0%
apríl-júní	1	12,5%
júlí-september	4	50%
október-desember	3	37,5%

Tafla 5. Fjöldi og hlutfall látinna í dreifbýli/þéttbýli

2023	Fjöldi látinna	Hlutfall
Dreifbýli	5	62,5%
Þéttbýli	3	37,5%

Tafla 6. Vegfarendahópar látinna

2023	Fjöldi látinna	Hlutfall
Ökumaður fólksbifreiðar	3	37,5%
Farþegi fólksbifreiðar	1	12,5%
Ökumaður sendibifreiðar	2	25%
Ökumaður bifhjóls	1	12,5%
Hjólreiðarmaður	1	12,5%

Tafla 7. Tegund banaslysa

2023	Fjöldi látinna	Hlutfall
Útafakstur og bílveltur	3	37,5%
Framanákeyrsla	2	25%
Hliðarákeyrsla	1	12,5%
Slys á óvörðum vegfaranda	1	12,5%
Ekið fram af bryggju	1	12,5%

Tafla 8. Fjöldi og hlutfall látinna eftir landsvæðum

2023	Fjöldi látinna	Hlutfall
Höfuðborgarsvæðið	2	25%
Suðurnes	1	12,5%
Vesturland	2	25%
Suðurland	3	37,5%

Viðauki II. Umferðaröryggisaðgerðir Vegagerðarinnar

Sundurliðað uppgjör fyrir árið 2023



Samtals

Verkefni eftir landshlutum (búfjárgöng og einbr. brýr innif.) :				Kostnaður
	Suðursvæði			158.409.340 kr.
	Vestursvæði			154.002.867 kr.
	Norðursvæði			117.419.996 kr.
	Austursvæði			40.005.255 kr.
	Samtals			469.837.458 kr.

Suðursvæði:

Veg- og kaflanúmer	Staður	Áætlaðar aðgerðir 2023	Aðgerðir 2023	Kostnaður í lok árs 2023
1-a3	Vestan við Foss, vegrið	Setja vegrið við ræsi þar sem ekki er unnt að setja vegfyllingu vegna vatnsbólís sem þar er.	Lokið var við að setja upp vegrið 2023.	3.156.842 kr.
1-c3	Um Hellu, hestaræsi	Lengja hestaundirgöng undir Hringveginn, í tengslum við þróun byggðarinnar á Hellu.	Efniskostnaður vegna lengingar á hestaræsi á Hellu, en vinnan var greidd af sveitarfélaginu Rangárþing ytra.	3.911.123 kr.
1-d2	Þingborg, hraðaviðvörðunarskilti	Hraðaviðvörðunarskilti, uppfærsla.	Lokafrágangur á hraðaskilti við Þingborg.	465.999 kr.
1-d4	Um Selfoss, girðingarvarnir	Öryggi gangandi vegfarenda á Selfossi.	Lokið við að setja upp "snjallgangbrautarljós" á móts við ráðhús Árborgar og á Eyrarvegi.	4.199.874 kr.
1-f5	Kollafjörður, vegrið	Lokauppgjör framkvæmdar 2023.	Efniskostnaður vegna framkvæmdar árið á undan.	3.493.294 kr.
26-03	Landvegur allur v/trjágróðurs	Minnka trjágróður innan öryggissvæðis vega.	Unnið var á tjágróðri innan öryggissvæðis vegarins, hér og þar um Landveginn og fleiri vegi á því svæði.	2.181.124 kr.
30-02	Neðan Brautarholts	Lokauppgjör framkvæmdar 2023.	Efniskostnaður vegna framkvæmdar árið á undan.	157.821 kr.
30-06	Flúðir; vegrið við hjólhýsabyggð	Verja tjaldsvæði neðan Skeiða- og Hrunamannvegur.	Settir voru upp 480 m af bitavegriði sumarið 2023 meðfram hjólhýsabyggð og tjaldsvæði.	5.105.212 kr.
31-03	Skálholtsvegur	Minnka trjágróður innan öryggissvæðis vega.	Unnið var á tjágróðri innan öryggissvæðis vegarins.	222.536 kr.
33-01	Þverun reiðvegur	Uppsetning blikkljóss vegna þverunar á reiðvegi og lýsing vegarins við þverunina.	Blikkljós við þverun reiðvegur úr hesthúsahverfi yfir Gaulverjabæjarveg, einnig settir upp 10 ljósastaurar og	7.821.540 kr.

			gangbrautarlýsing. Efni var að hluta til keypt árið á undan. Uppgjöri er ekki alveg lokið.	
33-03	Um Stokkseyri, göngubverun	Auka öryggi gangandi í nágrenni skólans.	Gerð var upphækkuð göngubverun á Stokkseyri, merkingar og lýsing.	4.522.139 kr.
34-01	Um Selfoss.	Hindra för gangandi á Eyrarvegi nema um gangbrautir.	Steypt var í miðeyju á Eyrarvegi og sett grindverk til að hindra umferð gangandi yfir veginn á 60 m kafla frá hringtorgi að gangbraut. Efni að hluta til keypt fyrir næsta árs verk á Austurvegi.	10.160.564 kr.
34-02	Vegamót Gaulverjabæjarv.	Yfirfara skilti.	Sett voru upp fleiri umferðarmerki og önnur löguð.	175.686 kr.
35-02	Tvær hjáreinar; st. 1540 og 5600	Gera tvær hjáreinar við gatnamót.	Framkvæmt haustið 2023 en eftir er að leggja seinna lag klæðingar sem þarf þá að gera ráð fyrir vorið 2024.	5.668.808 kr.
35-04	Skammt frá Mosfelli; st. 5000	Sumarhúshv. við Mosfell, gerð hjáreinar.	Framkvæmt haustið 2023 en eftir er að leggja seinna lag klæðingar sem þarf þá að gera ráð fyrir vorið 2024.	3.598.050 kr.
35-08	Tvær gönguleiðir um Geysi	Endurnýjun göngubverunar og ný.	Hellulögð var ný upphleypt gangbraut og lagfærð sú eldri. Sett var gangbrautarlýsing við báðar gangbrautir. Að fullu lokið 2023.	8.000.492 kr.
36-01	Grashólsvegur nr. 3812	Laga umhverfi vegarins.	Flái á Grashólsvegi var mildaður sumarið 2023, þannig að ekki sé veggur á mótum umferð. Stórir steinar einnig fjarlægðir.	756.934 kr.
36-06	Frá trjálundi VF að Grafningsvegi	Efni í vegfláa.	Klárað að mestu leyti að keyra efni í fláa á þessum kafla haustið 2023. Þyrfti klára næsta sumar, eftir að keyra í nokkra kafla. Eftir að ganga frá ræsum og reiðvegum. Einnig á eftir að keyra meira í fláa vestan við Grafningsveginn.	21.355.118 kr.

36-11	Við Seljabrekku og Hrafnhóla	Lokauppgjör framkvæmdar 2023.	Mikið til klárað 2022, en minniháttar frágangur var eftir sem kláraðist 2023.	391.344 kr.
37-02	Ofan Laugarvatns	Lokauppgjör framkvæmdar 2023.	Efniskostnaður vegna framkvæmdar árið á undan á vegi 37-03.	59.403 kr.
37-03	Laugarvatnsvegur, lengja ræsi. Efstidalur, búfjarræsi	Klára búfjarræsi og nokkur smærri ræsi.	Að mestu kostnaður við niðursetningu á búfjarræsi við Efstadal, ásamt klæðingu þar, sem og að lengja nokkur ræsi milli Laugarvatns og Hjálmsstaða.	12.172.728 kr.
39-01	Tveir kílar við námur; st. 2380 og st. 3800.	Gera aðreinar að tveimur námum.	Gerðir voru kílar við afleggjarana að tveimur umferðarmiklum námum við Þrengslaveg, og þeir malbikaðir einnig.	23.831.171 kr.
42-02	Eyvindarlundur	Stutt frá Eyvindarlundi, setja upp vegrið.	Sett var upp 176 m langt víravegrið skammt frá Eyvindarlundi, sumarið 2023.	2.151.689 kr.
45-00	Garðskagavegur	Lagfæra vegsvæði.	Lokið við lagfæringar á vegsvæði. Fleygað úr klöppum o.fl.	3.421.275 kr.
45-01	Garðskagavegur	Lagfæra vegsvæði.	Lokið við lagfæringar á vegsvæði. Fleygað úr klöppum o.fl.	6.648.486 kr.
45-02	Garður, þéttbýlið	Lokauppgjör framkvæmdar 2023.	Vinna þjónustustöðvar Vg.	7.600 kr.
47-02	Félagsgarður, vegsvæði	Minniháttar lagfæring á vegsvæði.	Fjarlægt var grjót í vegkanti og skurður lagfærður.	44.895 kr.
240-02	Stórhöfðavegur	Stórhöfðavegur, vegrið og útskot.	Sett var upp vegrið á tveimur stöðum á leiðinni upp á Stórhöfða sumarið 2023. Samtals 300 m langt. Einnig voru útbúin mætingarútskot úr mól og keyrt aðeins utan á veg. Eftir er að setja klæðingu á	8.551.630 kr.

			útskotin og fleira, en rútur eiga það til að spóla í mölinni vegna brattans.	
261-01	Um Hvolsvöll	Lokauppgjör framkvæmdar 2023.	Lokafrágangur á hraðahindrunum í gegnum Hvolsvöll.	134.491 kr.
360-03	Grafningsvegur efri	Lokauppgjör framkvæmdar 2023.	Lokafrágangur vegna framkvæmdar árið á undan.	165.164 kr.
429-01	Sandgerðisvegur	Lagfæra vegsvæði.	Fláar gerðir meira aflíðandi og farið yfir öryggissvæði vegarins.	983.902 kr.
429-02	Sandgerðisvegur	Lagfæra vegsvæði.	Fláar gerðir meira aflíðandi og farið yfir öryggissvæði vegarins.	5.956.543 kr.
231	Vík þjónustustöð		Jöfnun á efni sem ekið var í vegfláann rétt austan Víkur.	451.308 kr.
232	Selfoss þjónustustöð		Unnið var á tjágróðri innan öryggissvæðis ýmissa vega.	1.891.741 kr.
	Hönnun og umsjón	Kostnaður vegna hönnunar, umsjónar og eftirlits með framkvæmdum.		6.592.814 kr.
			Suðursvæði - Umferðaröryggisaðgerðir 2023:	158.409.340 kr.

Vestursvæði:

Veg- og kaflanúmer	Staður	Áætlaðar aðgerðir 2023	Aðgerðir 2023	Kostnaður í lok árs 2023
1-g3	Stefnugreining við Hvalfjarðarveg	Lagfæring fláa, framhald síðan 2022	Fláar gerðir flatari.	7.312.870 kr.
1-g9	Hringvegur við Galtarholt	Lagfæringar í og við veg, fláafyllingar	Fláafyllingar og lagfæringar vegsvæðis.	2.077.491 kr.
1-j1	Hringvegur um Hæðarsteinsbrekku	Lagfæringar í og við veg, klappir fleygaðar og sett í fláafyllingar	Fláafyllingar og lagfæringar vegsvæðis.	6.325.667 kr.
50-01	Allur kaflinn - valdir staðir	Fláafyllingar og lenging ræsa.	Fláafyllingar og lenging ræsa.	7.046.605 kr.
54-02	Vegsvæði t.v.	Bæta efni og jafna í vegfláa st. 540-1400 og lengja ræsi.	Fláafyllingar og lagfæringar vegsvæðis.	3.934.429 kr.
54-14	Kverná, lengja vegrið, og við Hamrahlíð	Uppsetning vegriða.	Lengt við Kverná um 80 m bitavegrið. Lengt við Grundará og að Hamrahlíð 612 m bitavegrið.	18.406.739 kr.
58-01	Helgafellsvegur-Þingvallavegur	Lagfæringar í og við veg, fláafyllingar.	Fláafyllingar og lagfæringar vegsvæðis.	5.953.251 kr.
60-09	Um Svínadal	Setja upp nýtt vegrið.	420 m víravegrið sett upp.	9.440.478 kr.
60-22	Geiradalsá	Setja upp nýtt vegrið.	240 m víravegrið sett upp.	1.672.279 kr.

60-23	Laxá og Naðurdalsá; lengja vegrið og endar	Lengja vegrið á Laxá og laga endafrágang. Setja vegrið við Naðurdalsá.	Sett var 164 m bitavegrið við Laxá og 478 m víravegrið við Naðurdalsá.	16.912.385 kr.
60-47	Við gangamunna	Sett upp bitavegrið við gangamunna.	Sett var upp bitavegrið (Ísafjarðarmegin).	13.624.829 kr.
61-26	Gjörvidalsá	Setja upp nýtt vegrið.	Sett upp 300 m nýtt vegrið.	9.039.943 kr.
61-29	Stefnuörvar; vegur 61-29	Setja stefnuörvar í krappar beygjur	Stefnuörvar settar í krappar beygjur.	4.424.008 kr.
61-36	Stefnuörvar; vegur 61-36	Setja stefnuörvar í krappar beygjur	Stefnuörvar settar í krappar beygjur.	2.760.609 kr.
63-02 og 03	Miklidalur og Hálfván	Setja upp nýtt vegrið.	Sett upp 272 m nýtt vegrið í Mikladal og 830 m nýtt vegrið á Hálfván.	11.759.866 kr.
64-01	Breiðadalsá	Setja upp nýtt vegrið.	Sett upp 300 m nýtt vegrið.	5.467.873 kr.
65-02	Súgandafjörður	Setja upp nýtt vegrið.	Sett upp 300 m nýtt vegrið.	5.467.873 kr.
67-01	Hólmavík	Setja upp hraðaviðvörðunarskilti.	Hraðaviðvörðunarskilti sett upp.	1.161.903 kr.
574-08	Ólafsvík	Hugbúnaður, „active bump“, hraðahindrun	GSM tengd gjöld vegna „active bump“.	311.233 kr.
622-00	Þingeyrarvegur	Gera bílaplan vegna selaskoðunarstaðar.	Sett upp plan við Þingeyrarveg þar sem ferðamenn stoppa til að horfa á umhverfið og selina. Vegnr. 622-00 í st. 7.260.	2.119.919 kr.
451	Borgarnes þjónustustöð		Ræsi á Hvalfjarðarvegi og lagfæringar á Akrafjallsvegi.	2.773.280 kr.

452	Ólafsvík þjónustustöð		Vegflái á vegi 574-04 milli Gufuskála og Hellissands lagaður.	908.564 kr.
453	Búðardalur þjónustustöð		Sett hraðaviðvörðunarskilti, gangbrautaskilti og akbrautarkerki í Búðardal.	1.116.555 kr.
462	Ísafjörður þjónustustöð		Fjarlægðir voru stakir steinar í Ísafjarðardjúpi.	1.189.319 kr.
463	Hólmavík þjónustustöð		Vegna hraðaviðvörðunarskiltis við Hólmavík.	25.509 kr.
	Hönnun og umsjón	Kostnaður vegna hönnunar, umsjónar og eftirlits með framkvæmdum.		12.769.390 kr.
			Vestursvæði - Umferðaröryggisaðgerðir 2023:	154.002.867 kr.

Norðursvæði:

Veg- og kaflanúmer	Staður	Áætlaðar aðgerðir 2023	Aðgerðir 2023	Kostnaður í lok árs 2023
1-k2	Vegsvæðið sunnan Reykja	Lagfæra vegsvæði / vegrið.	Víravegrið sett upp: vinstra megin milli st. 4989-5209, st. 5650-6462, st. 7371-7490 og 9866-10215. Samtals lengd 1500 m. Keyrt í fláa við enda á vegriðum.	25.037.481 kr.
1-k3	Hringvegur á Hrutafjarðarhálsi	Lagfæra vegsvæði / vegrið.	Víravegrið sett upp: vinstra megin milli st. 3510-3736 og hægra megin milli st. 3510-3740. Samtals lengd 456 m.	7.280.638 kr.
1-k4	Gatnamót v/Laugarbakka	Lagfæra vegsvæði	Bitavegrið austan brúar á Miðfjarðará lengt og fært utar. Fláar á vegamótum við Miðfjarðarveg gerðir flatari og ræsi í Miðfjarðarvegi við vegamótin lengt.	1.936.289 kr.
1-k8	Hólabak, vegsvæði	Lagfæra vegsvæði	Lagaður flái við tengingu Uppsálavegar (7230)	142.758 kr.
1-p1	Vegsvæðið efst á Öxnadalshéiði	Lagfæra vegsvæði / vegrið.	Víravegrið sett upp hægra megin milli st. 340-1107. Samtals lengd 767 m.	10.667.248 kr.
1-p6	Við tengingu að leikskóla	Framhald verks frá árinu á undan.	Settir voru upp fjórir ljósastaurar með steyptum undirstöðum. Einnig lögn rafstrengs og fínfrágangur verksins frá árinu á undan.	3.215.967 kr.
1-p7	Gönguþverun við Grænugötu (Akureyri)	Auka öryggi gangandi vegfarenda.	Greiðsla til Akureyrarbæjar fyrir framkvæmdaleyfi og kostnaður við kaup á gangbrautarljósum	4.897.390 kr.
74-04	Skagaströnd, þéttbýlisaðgerðir	Minnka hraðakstur í nokkrum áföngum.	Tvö hraðaviðvörðunarskilti keypt og einnig var múlað undir veg fyrir lýsingu.	1.763.109 kr.
82-02	Milli Hjalteyrarvegur og Hauganesvegur	Lagfæra vegsvæði / vegrið.	Víravegrið sett upp hægra megin milli st. 3236-4260. Samtals lengd 1.024 m.	14.929.074 kr.

82-02	Milli Hjalteyrarvegur og Hauganesvegur	Lagfæra vegsvæði / vegrið.	Víravegrið sett upp hægra megin milli st. 4900-5119 og milli st. 8340-8591. Samtals lengd 470 m.	7.516.506 kr.
82-03	Milli Hauganesvegur og Dalvíkur	Lagfæra vegsvæði / vegrið.	Víravegrið sett upp hægra megin milli st. 5050-5999. Samtals lengd 949 m.	12.999.848 kr.
85-02	Norðausturvegur	Merki við Skjálfandafljótsbrú.	Merki við Skjálfandafljótsbrú.	31.787 kr.
829-02	Eyjafjarðarbraut eystri við Munkaþverá	Lengja vegrið.	Bitavegrið út frá brú á Þverá Innri lengd. Báðum megin að norðan eru þau 30 m + 12 m niðurtekt. Að sunnan er vegriðið 30 m + 12 m niðurtekt hægra megin en vinstra megin 10 m. Hraði tekinn niður og settar upp merkingar fyrir einbreiða brú.	5.673.189 kr.
874-03	Raufarhafnarvegur, Raufarhöfn	Frágangur við gatnamót á Raufarhöfn (gamalt öryggisverk).	Þökuleggja við gatnamót niður á höfn, og fleira smávægilegt.	2.035.113 kr.
711-01	Vatnsnesvegur við Hvammstanga	Umferðarmerki við Hvammstanga.	Umferðarmerki við Hvammstanga.	76.137 kr.
471	Hvammstangi þjónustustöð		Á Innstrandarvegi 68-04, settar járnstoðir í stað timburstoða í vegrið við Prestbakkaá. Vegkantar einnig lagaðir.	1.085.527 kr.
472	Sauðárkrókur þjónustustöð		Kantar slegnir og trjágróður fjarlægður á Hringvegi í Skagafirði, Sauðárkróksbraut og hluta Siglufjarðarvegur.	1.934.605 kr.
581	Akureyri þjónustustöð		Grjót hreinsað úr rásunum á Veigastaðavegi 828-01.	189.802 kr.
582	Húsavík þjónustustöð		Grjót hreinsað úr vegsvæði á Norðausturvegi 85-09.	1.051.677 kr.
583	Þórshöfn þjónustustöð		Hraðaviðvörðunarljós keypt fyrir Raufarhöfn, eftir er að setja ljósið upp.	672.314 kr.

	Hönnun og umsjón/eftirlit	Kostnaður vegna hönnunar, umsjónar og eftirlits með framkvæmdum.		14.283.537 kr.
			Norðursvæði - Umferðaröryggisaðg. 2023:	117.419.996 kr.

Austursvæði:

Veg- og kaflanúmer	Staður	Áætlaðar aðgerðir 2023	Aðgerðir 2023	Kostnaður í lok árs 2023
1-t1	Gatnamótin í allar áttir (Vök)	Eftir er að setja boðmerki upp og merki í dropann. Unnið er að skipulagsmálum og virðist sem samkomulag sé í höfn.	Sett var boðmerki í málaða eyju.	163.098 kr.
1-t5	Kaldakvísl, vegriðsendauppsetning & Norðan Mjóafjarðarvegamóta	Setja upp vegriðsenda sem keyptir voru 2021. Lengja örlítið einnig.	Lenging vegriða um 64 m og settir upp 4 stk. öryggisendar.	1.808.228 kr.
1-t6	Hringvegur / Mjóafjarðarvegur, vegamót	Merkin sem eru, eru of lág og þau þarf að hækka og e.t.v. skipta um stoðirnar.	Merki hækkuð og skipt um stoðir, var kostað að hluta af þjónustunni.	68.633 kr.
1-t7	Hringvegur / Norðfjarðarvegur, vegamót	Eftir er að gera buldurspeli. Setja lýsingu á vegvísinn til Fáskrúðsfjarðar. Einnig að setja vegvísi til Fáskrúðsfjarðar aftan á vegvísinn sem bendir á Fáskrúðsfjörð þegar komið er frá Egilsstöðum. Síðar þarf að lýsa milli hringtorgs og hesthúsa.	Settur vegvísir á bakhliðina á Fáskrúðsfjarðarmerkið, þ.a. vegvísir er beggja megin, sett glitmerki á rörin við vegamótin.	823.549 kr.
1-u4	Sævarendaströnd; ræsi	Nokkur ræsi sem þarf að ganga betur frá. Verður haldið áfram 2023.	Ræsaendar níu stk. lagaðir og lengdir. Vegrás breikkuð og fláar lagaðir á 6 km kafla (aðallega hægra megin)	12.850.641 kr.
1-u6	Við Steinasafn Petru	1) Setja timburgrindverk sem leiðir þá sem koma úr safninu að gangbraut, kemur í veg fyrir að börn hlaupi beint yfir. 2) Setja færanlega hraðahindrun (sbr. Bíldudal og Drangsnæs) vestan við safnið sbr. safnið er bara opið 15/6-15/9. 3) Færa niðurtekt sjávarmegin yfir á þann stað þar sem gangbraut er staðsett. Einhverjar áhyggjur eru af hávaða vegna þeirra.	1) Búið að smíða grindverk í samráði við rekstraraðila Steinasafnsins, sem sett verður upp vorið 2024. 2) Keyptar þriggja cm háar hraðahindranir (harðgúmmíeiningar), sem settar verða niður vorið 2024. 3) Ekkert gert.	648.748 kr.

1-v1	Breiðdalsá, vegrið	Setja upp vegriðsenda, sem upphaflega voru keyptir fyrir Selána; 1-u4_9680. Eru því teknir að láni þaðan.	Lenging vegriða um 176 m og settir upp fjórir öryggisendar. Þarf að breyta vegriði v. ristarhliðs 2024.	2.984.349 kr.
1-v9	Hólsvík í Álftafirði	Eftir að festa niður hólka til að setja stoðirnar í sem ekki var hægt að reka niður við stökkinn. Fjórar stoðir.	Soðnar festingar fyrir stoðir á efri og neðri enda á ræsastokkum.	284.040 kr.
1-y6	Hólslækur	Laga farveg.	Lagaður farvegur við Hólslæk.	880.067 kr.
1-y8	Sunnan Háöldu	Lagfæring vegsvæði/fláa.	Undirbúningur fyrir framkvæmdir 2024.	104.594 kr.
1-y9	Svínafellsjökull, bílaplan	Búið að loka veginum en eftir að setja upp upplýsingaskilti sem vísar á hinn veginn. Það er í framleiðslu. Frágangur er eftir og einnig á eftir að setja upp skilti.	Ræsaefni keypt frá fyrra ári af Skeiðarársandi (fyrirhugað gönguræsi á kafla 1-y9).	211.724 kr.
1-z1	Ræsi á Skeiðarársandi	Eftir er að lengja nokkur ræsi og er því sett á framkvæmdalista fyrir 2023, sem og lagfæra 2-3 tengingakverkar á svæðinu.	Lagaðar voru útafkeyrslur nokkurra gatnamóta.	248.385 kr.
93-03	Við Gufufoss	Vara betur við gangandi vegfarendum.	Merkingar um gangandi fólk og leiðbeinandi hraða, frá Gufufossi niður að Seyðisfirði, um 3 km.	293.591 kr.
98-01	Innkoman að Djúpavogi	Lýsa við gangbraut.	Sett upp lýsing á gangbraut.	113.578 kr.
98-02	Innkoman að Djúpavogi	Lýsa við gangbraut.	Sett upp lýsing gangbraut.	122.817 kr.
937-01	Trjáklippingar; valdir kaflar	Auka vegsýnina.	Fjarlægður trjágróður á Skriðdalsvegi.	562.862 kr.
939-02	Axarvegur	Ákveðið að halda hraðanum í 70 km/klst. og setja upp meira af skiltum um leiðbeinandi hraða. Beygjuörvar voru þegar komnar í slysabeygjur en einhverju má bæta við.	Keypt merki sem setja á upp 2024.	206.109 kr.

944-02	Trjáklippingar; valdir kaflar	Auka vegsýnina.	Fjarlægður trjágróður meðfram Lagarfossvegi.	562.862 kr.
952-01	Hánefsstaðavegur á Seyðisfirði	Setja upp lýsingu við gangbraut.	Keypt efni í upphækkaðar hellulagðar gangbrautarþveranir.	533.447 kr.
998-01	Skaftafellsvegur	Ná niður umferðarhraðanum.	Gerð breikkun á veg svo hægt væri að setja eyju á milli akreina, settar stikur í eyju. Áætlað að ljúka verki vorið 24.	5.927.046 kr.
593	Þjónustustöð Reyðarfirði		Lagað umhverfi við hringtorg á Reyðarfirði og merki fært við Mjóafjarðarvegamót	459.959 kr.
594	Þjónustustöð Höfn		Merki færð og löguð við Freysnes	544.313 kr.
	Hönnun og umsjón/eftirlit	Kostnaður vegna hönnunar, umsjónar og eftirlits með framkvæmdum.		9.602.615 kr.
			Austursvæði – Umferðaröryggisaðg. 2023:	40.005.255 kr.



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Viðauki III. Sjálfvirkt umferðareftirlit

Stafrænar hraðamyndavélar 2023

Útg. október 2024.

Helstu niðurstöður

- Á árinu 2022 skráðu stafrænar hraðamyndavélar samanlagt að meðaltali um 100 brot á dag.
- 18 stafrænar hraðamyndavélar voru í notkun á landinu árið 2023. Þær eru staðsettar vísvegar um landið (mynd 2) og svo eru einnig þrjár færanlegar vélar.
- Vélar skráðu 36.862 hraðakstursbrot árið 2023 sem er um 6% fjölgun frá árinu á undan.
- Flest brotin voru skráð á vélarnar á höfuðborgarsvæðinu eða 16.565 brot og næstflest voru tekin á vélar á Hörgárbraut, rúmlega 8.400 brot.
- Flest brot voru skráð í ágúst. Fæst brot voru skráð í janúar.

Tilmæli og aðdragandi

Í samstarfssamningi um sjálfvirkt hraðaeftirlit sem ríkislögreglustjóri, Vegagerðin og Umferðarstofa gerðu með sér þann 1. febrúar 2007 var kveðið á um skyldu ríkislögreglustjóra til að taka saman upplýsingar um hvernig eftirlitinu skyldi háttað og umfang þess.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, ríkislögreglustjóri, Samgöngustofa og Vegagerðin vinna að uppsetningu hraðamyndavélanna. Myndatakan er stafræn og eru upplýsingar um hraðabrot sendar samstundis til lögreglunnar. Hér verður fjallað um stafrænar hraðamyndavélar sem falla undir þetta samstarf.

Tölfræðiupplýsingar um fjölda brota á árinu 2023 voru teknar úr málaskrá lögreglunnar 8. október 2024 af verkefnastjóra í gagnavísinda- og upplýsingadeild ríkislögreglustjóra. Miðað er við brot sem áttu sér stað á tímabilinu 1. janúar 2023 til 31. desember 2023.

Í viðauka er fjallað um hvernig hraði ökutækjanna er mældur en allar tölur í skýrslunni miðast við mældan hraða en þá á eftir að reikna vikmörk.

Hraðamyndavélar – staðsetning og notkun

Á árinu 2023 voru 18 stafrænar hraðamyndavélar í notkun. Brotin eru skráð í málaskrá lögreglu hjá lögreglustjóranum á Snæfellsnesi samkvæmt ákvörðun ríkislögreglustjóra, fyrir utan vélarnar sem staðsettar eru á höfuðborgarsvæðinu, og eru þau brot skráð hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.


Fjöldi og dreifing brota yfir árið

- Skráð voru 36.862 brot árið 2023 sem er fjölgun í skráðum brotum frá árinu á undan (tafla 1). Fjöldinn er aðeins yfir meðaltalinu árin 2020-2021.

Tafla 1. Fjöldi brota sem skráð voru á stafrænar hraðamyndavélar, árin 2008 til 2022.


Ár	Fjöldi brota	Fjöldi brota á dag	Fjöldi hraðamyndavéla
2008	16.385	44	9
2009	23.134	63	10
2010	22.322	61	10
2011	13.238	36	15
2012	18.887	52	15
2013	13.028	36	15
2014	28.298	78	18
2015	33.812	93	18
2016	45.894	126	18
2017	42.969	118	17
2018	46.029	126	19
2019	39.469	108	19
2020	32.411	89	19
2021	40.420	111	22
2022	35.061	96	20
2023	36.862	101	18

Á mynd 1 sést dreifing brota á árunum 2021 til 2023 eftir mánuðum og sést að flest brot mældust í ágúst. Almennt var fjöldinn meiri yfir sumarmánuðina og fram á haustið heldur en aðra mánuði ársins.



Mynd 1. Fjöldi hraðakstursbrota á stafrænar hraðamyndavélar 2021-2023, greint eftir mánuðum.

Á mynd 2 sést fjöldi skráðra hraðakstursbrota, greindur eftir vettvangi. Fjöldi brota er breytilegur á milli ára og ræðst það að mestu leyti af virkni véla og umferðarþunga. Eins og fyrri ár voru flest brot skráð á vélarnar á höfuðborgarsvæðinu, eða 15.656. Næstflest brot voru skráð á vélarnar á Hörgárbraut eða 8.436 og hefur mældum brotum fjölgað stöðugt síðustu ár.



Mynd 2. Fjöldi hraðakstursbrota á stafrænar hraðamyndavélar árin 2020-2023, greint eftir vettvangi.

Viðauki: Skýringar á hraðamælingum

Ef mældur hraði er 100 km/klst. eða minni eru 3 km/klst. dregin frá hraðanum og sektarfjórthæð miðuð við þá tölu sem eftir stendur. Þegar mældur hraði er 101 km/klst. eða meiri eru 3% af mældum hraða reiknuð út og ef niðurstaðan er ekki slétt tala er hún hækkuð upp í næstu heilu tölu fyrir ofan og sú tala dregin frá mældum hraða og sektin miðuð við það.

Dæmi: Ökutæki mælist á 106 km/klst. Reiknuð eru 3% af mældum hraða og niðurstaðan er 3,18. Þessi tala er þá hækkuð upp í næstu heilu tölu, sem er 4, og hún dregin frá mældum hraða og niðurstaðan, 102 km/klst., er hraðinn sem sektarfjórthæðin miðast við.